

STJÓRNARTÍÐINDI B 91 – 1995

Nr. 509

1256

19. september 1995

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð um gerð og búnað ökutækja,
nr. 411 11. október 1993.

1. gr.

21. gr. breytist þannig:
- Við lið 21.10 (3) bætist ný málsgrein, svohljóðandi:
Tengibúnaður bifreiðar og festingar hans teljast vera fullnægjandi ef búnaðurinn er samkvæmt ákvæðum EB tilskipunar nr. 94/20.
 - Við lið 21.50 (2) bætist ný málsgrein, svohljóðandi:
Dráttarbeisli eftirvagns og tengibúnaður telst vera fullnægjandi ef beisli og búnaður er samkvæmt ákvæðum EB tilskipunar nr. 94/20.

2. gr.

Reglugerð þessi sem sett er samkvæmt umferðarlögum, nr. 50 30. mars 1987, svo og með hliðsjón af lið 45r í I. kafla II. viðauka við EES samninginn, öðlast þegar gildi.

EB gerðin sem vísað er til er birt í EES viðbæti við Stjórnartíðindi EB, 57. hefti 1994, bls. 2-61.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 19. september 1995.

Þorsteinn Pálsson.

Ólafur W. Stefánsson.

Nr. 510

12. september 1995

AUGLÝSING

um staðfestingu á aðalskipulagi Þorlákshafnar 1994-2014.

Samkvæmt skipulagslögum nr. 19, 21. maí 1964 hefur ráðuneytið þann 12. september 1995 staðfest aðalskipulag Þorlákshafnar 1994-2014. Jafnframt fellur úr gildi aðalskipulag Þorlákshafnar 1984-2004, er staðfest var 31. júlí 1984.

Skipulagsuppdráttur og greinargerð hafa hlotið þá meðferð sem skipulagslög nr. 19/1964 mæla fyrir um. Samþykki sveitarstjórnar Ölfushrepps liggur fyrir og skipulagsstjórn ríkisins hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

Umhverfisráðuneytið, 12. september 1995.

Guðmundur Bjarnason.

Magnús Jóhannesson.

Gutenberg